

## Nýjungar í Sögu

## ADT (gaADT)

## ADT - Sameina lotur

SAG-6498





Löguð var villa sem kom upp þegar reynt var að sameina lotur sjúklings sem höfðu ranglega verið færðir á milli þjónustuflokka

## ADT Innritun/Útskrift

## ADT - Skrá margar komur

SAG-7239

Nú er komin ný aðgerð til að skrá margar komur í einu fyrir dagdeildarsjúklinga. Aðgerðin er í sama uppsprettiglugga og aðgerðin til að skrá eina komu. Aðgerðin birtir glugga þar sem hægt er að velja dagsetningar á dagatali og búa til komur fyrir þær allar samtímis. Einnig er hægt að breyta og eyða eldri komum í glugganum.

Komur	Starfsmenn	Ábyrgir
Dags.		
		23.12.2016 21:00
		22.12.2016 18:00
2		

- Skrá komu...
- Skrá margar komur
- Breyta komu...
- Samþykkja komu
- Opna allar komur
- Flytja komu(r) milli lota...
- Eyða komu

Þessi aðgerð er einungis virk ef stilligildi 180 er virkt.

## ADT Innritun - fjöldaskráning á komum fyrir dagdeildarsjúklinga

SAG-7238

Nú birtast 3 dagatöl til að velja dagsetningar til að skrá komur á.

## ADT - Innritun

SAG-7229

Nú er hægt að innrita ferlisjúklinga á dagdeild í rúm. Til þess þarf stilligildi 180 að vera virkt og deildin má ekki vera merkt „Deild án rúma“.

## ADT - Innritun

SAG-7230

Þegar stilligildi 180 er virkt og ferlisjúklingur á dagdeild er innritaður í rúm þá birtist auka síða þar sem hægt er að skrá komur.

## ADT - Innritun

SAG-7199

Þegar stilligildi 180 er virkt og ferlisjúklingur á dagdeild er innritaður í rúm þá birtist auka síða þar sem hægt er að skrá komur.

## ADT - Innritun

SAG-7198

Nú er hægt að innrita ferlisjúklinga á dagdeild í rúm. Til þess þarf stilligildi 180 að vera virkt og deildin má ekki vera merkt „Deild án rúma“.

## Afgreiðsla (gaSab)

## Afgreiðsla

SAG-5783

Nú er sjálfkrafa búinn til 0 reikningur þegar sjúklingur er skráður farinn í afgreiðslueiningunni ef útstöð er tengd við afgreiðslukassa.

Tveimur svæðum var bætt við í SI\_PATIENT\_PAYMENT\_INFO\_SERVICE þjónustuna. Það eru svæðin kennitalagreiðanda og gjaldfrjalstvegna. Einnig skilar þessi þjónusta nú reikningum sem greiddir eru af þriðja aðila.

## Afgreiðsla - Núllreikningar

SAG-6996

Nú er ekki búinn til núllreikningur þegar einstaklingur er skráður farinn ef notað er annað bókhaldskerfi en saga.

## Afgreiðsla

SAG-6888

Löguð var villa þar sem notandi gat ekki skipt á milli afgreiðsludeilda ef búið var að setja sjálfgefna afgreiðsludeild við innskráningardeild.

## Greiðslupáttaka Sjúkrtrygginga Íslands

SAG-7097

Til að saga styðji nýja greiðslupáttökukerfi SÍ þarf að virkja stilligildi 2071 og Saga þarf að sækja tryggingalegastöðu til SÍ.

Þá birtist nýr reitur í afgreiðsluglugganum.

Greiðsluform		Skuldfæra	
<input checked="" type="radio"/> Staðgreitt	<input type="radio"/> Mastercard	<input type="radio"/> Sjúkling	
<input type="radio"/> Visa	<input type="radio"/> Maestro	<input type="radio"/> Ökkur v	
<input type="radio"/> Visa Electron	<input type="radio"/> American Express		
Prenta		Afsláttur af hlut sjúklings	
<input checked="" type="radio"/> Kvittun	<input type="radio"/> Samskiptaseðill	Prósentu	<input type="text" value="0"/> %
Greiðslupak Sjúkrtrygginga		Krónutölu	<input type="text"/>
<input type="text" value="1000"/> kr	Hlutfall SÍ: <input type="text" value="10"/> %		

Og þá notar Saga hlutfallsdálkinn til útreikninga á sérfræðireikningum í stað formúlanna. Hlutfallið er sótt frá SÍ og er háð sjúklingi og tryggingalegristöðu.

Fyrsti reiturinn sýnir nú hversu mikið sjúklingur á eftir að greiða upp í greiðslupakið samkvæmt tryggingalegri stöðu. Þessi upphæð uppfærir einu sinni á dag og því gæti þurft að breyta þessu gildi handvirkt ef sjúklingur getur sýnt fram á að hafa greitt upp í þakið þann dag.

Reglurnar eru þannig:

- Allir sérfræðigjaldaliðir eru greiddir að hámarki 90% fyrir almenna, 60% fyrir aðra, eða upp í greiðslupak 24.600 fyrir almennan 16.400 fyrir aðra.
- Önnur gjöld sem er hluti af greiðslupáttökukerfinu, t.d. komugjöld, greiðast að fullu eða upp í greiðslupak. Ef gjaldaliður er með SÍ flokkun þá reiknast hann með annars ekki.

Hámarkið og hlutfallið eru sótt úr töflunni T\_SI\_PATIENT\_STATUS úr dálkunum SI\_MAX\_PAT\_PAYMENT og SI\_PART\_PERC.

Ef ekki er til staða fyrir sjúkling þá er sótt úr G\_PRICE\_GROUP dálkunum SI\_MAX\_PAT\_PAYMENT og SI\_PART\_PERC.

## Aukagluggi Sögu

## Aukagluggi í Sögu

SAG-6399

Nú er hægt að loka aukaglugganum í Sögu með því að ýta á Escape-takkann á lyklorðinu.

## Aukagluggi - Textasýn

SAG-6364

Nýtt stilligildi 175, ef það er virkt uppfærir textasýn í aukaglugga sig ekki sjálfkrafa þegar skipt er um kerfissjúkling heldur þarf notandi að smella á 'sækja gögn' hnapp.

## Aðgangsstýringar

## Aðgangsstýringar

SAG-7040

Þegar glugginn "Aðgengi að upplýsingum" birtist er svæðið "Ástæða" sjálfkrafa valið.

## Aðvaranir sjúklings (skráning)

## Aðvaranir - Aðrar aðvaranir

SAG-6442

Nú er tryggt að heiti sé einkvæmt þegar annarri aðvörun er breytt.

## Aðvaranir - Smitgát

SAG-6124

Textanum „Hefur einstaklingur legið á sjúkrahúsi erlendis síðastliðna 6 mánuði?“ hefur verið breytt í „Þarf sjúklingur sýnatöku og/eða einangrun vegna ónæmra baktería skv. verklagsreglu viðkomandi stofnunar?“

## Dagplan deildar

## Dagplan deildar

SAG-6577

Nú kemur ekki lengur villa ef einstaklingur á deild er með auka bil í nafni.

## Eyðublað

## "Opna" hnappur fjarlægður

SAG-6460

Af tæknilegum ástæðum hefur hnappurinn "Opna" verið fjarlægður, en hann gerði notanda kleift að opna skoðun í Ung- og smábarnavernd frá Eyðublaðunum. Vilji notandi nú opna skoðun í Ung- og smábarnavernd þarf hann að fara inn í Ung- og smábarnaeyninguna sjálfa.

## Eyðublöð (gaSheetModule)

## Eyðublöð - kerfiseyðublöð

SAG-6716

Ef kerfiseyðublað var valið og nýtt eyðublað búið til þá sást kerfiseyðublaðið í bakgrunni þar til annað blað en nýja blaðið var valið.

## Eyðublaðaeining - Eyðublaðatré

SAG-6373

Nýtt stilligildi 1193, ef það er virkt verður dagsetning fyrir framan samskipti nýjasta dagsetning eyðublaðs undir þeim samskiptum (ef eyðublað er til)

## Forsíða starfsmanns - Vinnulisti

SAG-6481

Búið er að laga villu þar sem að Vinnulisti opnaði stundum rangt eyðublað í Eyðublaðaeiningu.

Búið er að uppfæra viðhengis eyðublaðið í eyðublaðaeiningunni.

SAG-6259

Viðhengisblaðið getur núna opnað innan í Sögu eftirfarandi skrár:

- Pdf skjöl
- Myndir (.jpg, .jpeg, .png, .gif, .bmp, .tiff, .ico, .dds, .jxr, .hdp, .wdp)
- Skjöl (.docx, .rtf, .txt, .htm, .html, .mht, .odt, .xml, .epub, .doc)

## Eyðublöð - Stöðuborði fyrir rafræn skjöl

SAG-6363

Löguð var villa sem olli því að stöðuborði fyrir rafrænt blað hvarf ef farið var af rafrænu blaði yfir á venjulegt blað og svo aftur til baka á rafræna blaðið

## Eyðublöð - flýtitextar

SAG-7114

Flýtitexti hvarf úr svokölluðum „Clob-svæðum“, sem eru textasvæði sem geta innihaldið nánast ótakmarkað magn af texta, þegar skipt var um sjúkling eða annað eyðublað var valið. Þessi villa hefur verið löguð.

## Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

## Forsíða sjúklings , Vera spjallborð - Lyfjaendurnýjun.

SAG-6160

Nú er hægt að velja hvort lyfseðill eigi að fara í skömmtun eða ekki þegar lyf er endurnýjað.

## Forsíða sjúklings

SAG-6776

Timeout villa í lyfjarkorti hefur verið löguð

## Handbækur

## Handbók Sögu

SAG-6438

Nú er slóðin sem notuð er til að birta handbók Sögu búin til á keyrslu tíma. Lesið er stilligildi 1170 og útgáfunúmer sett inn í staðinn fyrir textann [VERSION\_INFO]. Ekki þarf því lengur að uppfæra stilligildi 1170 þegar gefin er út ný útgáfa.

## Kerfisumsjón (gaAdministrator)

## Kerfisumsjón - Stofna nýjan notanda

SAG-7099

Löguð var villa sem kom þegar stofnaður var nýr notandi.

## Kóðaleit

## Eyðublöð - Kóðunarleit

SAG-6495

Lagaði villu þar sem stilligildi 49 virkaði ekki rétt. Nú ef stilligildi er virkt þá er sjálfgefið hakað í 'leita í forgangsheitum'. Ef notandi breytir þessu haki vistast sú stilling og gengur fyrir stilligildið.

## Forsíða Starfsmanns (Lyfjaendurnýjun)

## Lyfjakort - nýjasta ávísun

SAG-6268

Eftir að gagnagrunnar Sögu voru sameinaðir hjá ákveðnum stofnunum kom í ljós að ekki var tryggt að nýjasta lyfjaávisun birtist undir Lyfjakorti. Þetta hefur verið lagað.

## Meðferðarskráning (gaTreatment)

## Meðferðaskráning

SAG-6321

Nú á að vera hraðvirkara að sækja gögn fyrir framvindunótur í Meðferðarskráningu.

## Meðferð - Fjöldi daga aftur í tímann sem framvindunótur og framkvæmd verkþátta er sótt.

SAG-6412

Nú stýrir stilligildi 177 því hversu marga daga aftur í tímann framvindunótur og framkvæmd verkþátta er sótt þegar hjúkrunarferli einstaklings er opnað í Meðferð einingunni.

## Meðferðarskráning - hjúkrunarferli

SAG-7080

Ef valinn var sjúklingur í meðferðarskráningu, farið yfir í aðra einingu, skipt um sjúkling og komið til baka í meðferðarskráningu þá sýndi meðferðarskráning gögn fyrir sjúklinginn sem síðast var valinn í meðferðarskráningunni. Búið er að laga þessa villu.

## Meðferðarskráning - hjúkrunarferli

SAG-7067

Hjúkrunarferli birtust ekki fyrir valinn sjúkling þegar einingin var opnuð í fyrsta skipti. Búið er að laga þá villu.

## Mælingar (gaMeasurements)

## Mælingar - Nýr einstaklingur úr þjóðskrá

SAG-6479

Ekki kemur lengur 'Access violation' í mælingum eftir að búin hafi verið til nýr sjúklingur úr þjóðskrá.

## Mælingar - Mat á óráði (DOS)

SAG-6427

Nú er hægt að skrá nýja mælingartegund í mælingareiningunni, Mat á óráði (DOS).

## Mælingar - Verkir

SAG-5387

Mælingin „Styrkur við hreyfingu / djúpa innöndun“ heitir núna „Styrkur við hreyfingu“. Bætt var við nýrri mælingu „Styrkur við djúpa innöndun“.

## Saga.NET

Sögu vefþjónar, application server-ar og viðmótið geta núna talað saman. Til þess að þetta virki er nauðsynlegt að setja upp RabbitMQ á einum miðlara sem er aðgengilegur öllum öðrum Sögu þjónum, sjá Deployment instructions. Viðmótið tengist RabbitMQ í gegnum Sögu vefþjónustu og þarf ekki beinan aðgang að RabbitMQ miðlaranum.

SAG-6113

## Textasýn (gaTextViewRTF)

## Textasýn - Eyðublað #411 Umsögn um rannsókn

SAG-6521

Framsetning á innihaldi eyðublaðs #411 í textasýn var löguð.

## Ung- og smábarnavernd (gaChildrenObservation)

## Ung- og smábarnavernd

SAG-6461

Nú helst tenging mælinga fyrir hæð, þyngd og höfuðmál þegar þeim er breytt í Mælingum. Breytingin er logguð í AuditLog í Sögu.

6v	4 ára	18m	2½ árs	12m	10m	Vitjun, 26.11.2015	Alm. skoðun, 26.11.2015
Almennt	Dagsetning skoðunar		Aldur barns		Samskipti		
	15. mars 2011 kl. 10:00		1 mánaða 14 daga (6 vikna)				
Mælingar / Næri...	Mælingar						
Almenn skoðun	Hæð	Þyngd	Höfuðmál	Þyngdarstuðull (BMI)			
	000,0 cm	00,000 kg	00,0 cm	0 kg/m <sup>2</sup>			

## Vefþjónustur (external)

## Vefþjónustur

SAG-6445

Fallið PrescribeDrug í MedicalDataService vefþjónustunni tekur nú við færíbreytunni(parameter) Frequency sem fleytitölu(decimal).

Villa sem olli því að færíbreytur á fleytitöluformi var varpað í heiltölur hefur verið löguð.

## Saga - Vefþjónustur, Eyðublaðið Sjúkraskrá #15 búið til

SAG-6372

Þegar blaðið Sjúkraskrá #15 er búið til með Söguvefþjónustum þá útfyllist nú Legunúmer og Innlagnardagur sjálfkrafa. Legunúmer er tekið af nýjasta eyðublaðinu, af þeirri tegund sem skilgreind er af stilligildi 1022, sem skráð er á sömu innskráningardeild og Sjúkraskráreyðublaðið er búið til á. Innlagnardagur er lesinn úr innlögn sem tengd er við samskiptin sem Sjúkraskráreyðublaðið er búið til í.

## Saga - Vefþjónustur, Eyðublaðið (or) Útskriftarnóta #13 búið til

SAG-6528

Þegar blaðið (or) Útskriftarnóta #13 er búið til með Söguvefþjónustum þá útfyllist nú Legunúmer og Útskriftardagur sjálfkrafa. Legunúmer er tekið af nýjasta eyðublaði af tegund 15, sem skráð er í sömu legu eða samskipti og Útskriftarnóta er búið til í. Útskriftardagurinn er lesinn úr útskriftarupplýsingum legu sem tengd er við samskiptin sem Útskriftarnóta er búið til í.

## Forsíða starfsmanns (Vinnulisti)

## Forsíða starfsmanns - Vinnulisti

SAG-7193

Nú birtast eyðublöð af tegundinni Vera - Samskiptaseðill ekki lengur í töflum í Vinnulista í Forsíðu starfsmanns.

## Vinnulisti (gaWorklist)

## Vinnulisti - Rafræn skeyti

SAG-7118

Ef tvísmellt var á rafræn skeyti fyrir sjúkling sem ekki var búið að yfirfara ofnæmi fyrir, þá birtist textasýnargluggi í óruttan tíma og hvarf svo um leið og uppsprettiglugginn fyrir ofnæmi hvarf með þeim afleiðingum að Saga fraus. Þessi villa hefur verið löguð.

## Vinnulisti - Rafræn skeyti

SAG-7109

Þegar textasýn er opnuð fyrir rafræn skeyti í vinnulistanum birtist aðgangsstýringarglugginn ef notandi hefur ekki aðgang að sjúkraskrágögnum sjúklings.

## Ónæmisaðgerðir (WPF)

## Ónæmisaðgerðir - Fjöldaskráning

SAG-6308

Nú kemur ekki aðvörðun nema dagsetning sé meira en ár aftur í tímann.

## Ónæmisaðgerðir - Fjöldaskráning

SAG-6307

Bætt var til stilligildi 174 sem stjórna því hvort að sjúklingur sé stofnaður sjálfkrafa úr þjóðskrá í fjöldaskráningu, sé hann ekki til fyrir.